

HVERFISRÁÐ BREIÐHOLTS

Ár 2017, þriðjudaginn 18.apríl, var haldinn 137. fundur hverfisráðs Breiðholts. Fundurinn var haldinn í G-sal í Gerðubergi og hófst kl. 16.15. Viðstödd voru Nichole Leigh Mosty, Aðalheiður Frantzdóttir, Sigbór K. Ágústsson, Bergþór Heimir Þórðarson og Elísabet Ólöf Helgadóttir. Einnig voru mættir Sveinn Hjörtur Guðfinnsson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, Þorsteinn Valdimarsson áheyrnarfulltrúi frá Rauða krossinum og Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á fjölskyldumiðstöð í Gerðubergi og samstarfi við margvísleg félagasamtök. Einnig fer fram kynning á fjölskyldumiðstöð Rauða Krossins á Íslandi sem lögð var niður 1. febrúar 2017.
Lagt til að hverfisráð skipi starfshóp sem skoði þróun á fjölskyldumiðstöð í Breiðholti í anda fjölskyldumiðstöðvar Rauða krossins. Niðurstöður verði kynntar fyrir borgarstjóra og formanni velferðarráðs.
Samþykkt.

Þuríður Sigurðardóttir og Elísabet Karlsdóttir frá fjölskyldumiðstöðinni í Gerðubergi og Ragnheiður Sigurjónsdóttir, fyrrum forstöðumaður fjölskyldumiðstöðvar Rauða Krossins taka sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lögð fram tillaga verkefnastjóra Breiðholtsverkefnis um viðurkenningar í hverfi.
Samþykkt að fela verkefnastjóra að útfæra betur í samstarfi við hverfisráð.

Fundi slitið kl. 17.57.

Nichole Leigh Mosty

Elísabet Ólöf Helgadóttir
Aðalheiður Frantzdóttir

Sigbór K. Ágústsson
Bergþór Heimir Þórðarson